

25. Stjórnarfundur Bergrisans

26. janúar 2021

Fjarfundur hófst klukkan 14:30 á Microsoft Teams

Mætt: Gísli H. Halldórsson formaður, Aldís Hafsteinsdóttir stjórnarmaður, Sandra Brá Jóhannsdóttir stjórnarmaður, Íris Ellertsdóttir verkefnastjóri Bergrisans og Ingibjörg Garðarsdóttir fjármálastjóri Árborgar. Einnig mættu fyrir þjónustusvæðin Ragnheiður Hergeirsdóttir, Heiða Ösp Kristjánsdóttir frá velferðarsviði Árborgar og Svava Davíðsdóttir frá félagsþjónustu Rangárvalla- og Vestur-Skaftafellssýslu. Steinunn Erla Kolbeinsdóttir lögmaður var gestur fundarins og Sandra Brá Jóhannsdóttir ritaði fundargerð

Dagskrá

1. Erindi til ráðuneytis um öryggisvistun

Lögmönnum Suðurlands var falið að vinna erindi fyrir hönd stjórnar Bergrisans bs. þar sem gerð er krafa um aðkomu félagsmálaráðuneytis að útfærslu og kostnaði vegna öryggisvistunar einstaklings. Steinunn Erla lögmaður kynnir efnistöð erindisins. Stjórn Bergrisans bs. samþykkir tillögu lögmanns að erindi til ráðuneytisins og felur lögmanni að senda það fyrir sína hönd.

2. Krafa um greiðslu verðbóta- Erindi frá forsvarsmönnum Skaftholts

Forsvarsmenn Skaftholts leggja fram kröfu um greiðslur verðbóta vegna ársins 2020 auk greiðslu eftirstöðva 2016-2019. Krafa Skaftholts eru kr. **15.546.398**. Stjórn Bergrisans bs. samþykkir heilmild um að sett verði í samning við Skaftholt neyðarframlag vegna bágrar rekstrarstöðu að upphæð 11,5 millj.

3. Kynning á samningsdrögum við Skaftholt

Steinunn Erla kynnir samningsdrög fyrir stjórn Bergrisans bs. Undanfari áframhaldandi samningaviðræðna við Skaftholt. Stjórn Bergrisans bs. samþykkir samningsdrögin. Verkefnisstjóri Bergrisans sendir drögin til umfjöllunar hjá jöfnunarsjóði.

4. Kynning á stöðu NPA samnings

Heiða Ösp kynnir fyrir stjórn Bergrisans bs á stöðu breytinga vegna NPA samnings frá 2019. Áætlaður kostnaður við breytingu á samningnum árið 2021 eru 7,5 millj. Stjórn Bergrisans bs heimilar viðbótina en óskar jafnframt eftir endurskoðun á SIS mati vegna málsins sem fyrst svo áætla megi endanleg áhrif samningsins á fjárhagsáætlun Bergrisans bs. fyrir 2021.

5. Beiðni um framlög til framkæmda í Vallholti 27

Heiða Ösp kynnir fyrir stjórn Bergrisans bs. beiðni frá Vallholti um viðbótaframlag að upphæð 1,9 millj.kr til starfseminnar vegna nauðsynlegra breytinga á húsnæðinu.

Stjórn Bergrisans bs samþykkir beiðnina og felur verkefnisstjóra að sækja um styrk til jöfnunarsjóðs fyrir hluta af kostnaðinum.

Fundi slitið kl. 16:00